

Fundargerð 5.nóvember 2025

Mætt:

Birna Valdimarsdóttir, Friðrik Logi, Helga Rós S., Íris Olga sem ritaði fundargerð, Jón Karl, Kristvina, María E., Sirrý Sif, Trostan. Gunnar Sigurðsson boðaði forföll.

1)

Menntastefna Skagafjarðar. Farið yfir stöðu máls. Sagt frá endurskoðun stefnunnar, könnun sem send var út til starfsmanna, opnum fundum sem voru ekki vel sóttir, könnun sem er opin öllum íbúum og næstu skrefum. Áherslupættir núverandi stefnu rifjaðir upp:

Læsi í viðum skilningi, heilbrigði og velferð, sköpun, samvinna og samskipti, umhverfisvitund og sjálfbærni.

Bent á að möguleiki væri á að vekja athygli á þessari könnun fyrir amk. unglingadeild hér í skólanum þannig að þeir sem vilji geti tekið þátt og sagt sína skoðun.

2)

Menntastefna Íslands til 2030.

Grunnstoðir: Jöfn tækifæri fyrir alla, kennsla í fremstu röð, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan í öndvegi, gæði í forgrunni.

Mikil áhersla á framúrskarandi efni, gæði o.þh. en settir fyrirvarar

Menntun án aðgreininga rædd stuttlega og það hversu flókin hún getur verið í framkvæmd.

Viljum við miða menntastefnu Skag við Menntastefnu Íslands, sem er háleit eða viljum við hafa hana frekar jarðbundnari? Almenn umræða um að menntastefna Skagafjarðar þurfi að vera þannig gerð að hægt sé að nýta hana, miða við hana og að ná þeim markmiðum sem sett eru fram.

3) Önnur mál

Aftur er gerð athugasemd gerð við vinnuaðstöðu kennara þegar kennt er á hljóðfæri, s.s. trommur í næstu stofu

Rætt um að finna hentugri fundartíma en eldsnemma að morgni.

Umræða um gervigreind - þyrfti að kenna nemendum að rýna í gervigreindina því hún hefur oft rangt fyrir sér, að læra á hvernig má nota hana.

Umræða um gríðarlegt mikilvægi þess að viðhalda íslensku hjá nemendum þar sem enska er orðin heldur plássfrek í málvitund barna og unglunga.

Ekki fleira rætt og fundi slitið